

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1875****2025/EES/17/50****frá 1. júlí 2024****um færslu heitis í skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar
merkingar (Twente (VUT)) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðs-kerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. og 2. mgr. 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1143 ⁽²⁾ þar sem m.a. 96. til 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 var felld brott gilda þessar greinar áfram um umsóknir um skráningu landfræðilegra merkinga sem berast framkvæmdastjórninni og eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* fyrir 13. maí 2024.
- 2) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Holland sendi um skráningu heitisins „Twente“ sem verndaða upprunatáknun og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽³⁾.
- 3) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- 4) Í samræmi við 1. mgr. 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2021/2117 ⁽⁴⁾, gildir rannsóknarmálsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ekki um ákvarðanir sem varða umsóknir um skráningu sem bárust framkvæmdastjórninni eftir 7. desember 2021 ef framkvæmdastjórninni hefur ekki borist tæk og rökstudd yfirlýsing um andmæli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Twente“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1875, 8.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/1308/oj>

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1143 frá 11. apríl 2024 um landfræðilegar merkingar fyrir vín, brennda drykki og landbúnaðarafurðir sem og hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni og valkvæð gæðahugtök fyrir landbúnaðarafurðir, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1308/2013, (ESB) 2019/787 og (ESB) 2019/1753 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1151/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1143, 23.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1143/oj>).

(3) Stjtið. ESB C, C/2024/1458, 9.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/1458/oj>.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2117 frá 2. desember 2021 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir, (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, (ESB) nr. 251/2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og (ESB) nr. 228/2013 um sértækar ráðstafanir vegna landbúnaðar á ystu svæðum Sambandsins (Stjtið ESB L 435, 6.12.2021, bls. 262, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/2117/oj>).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.
